



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	22. júní 2024 kl 20:00	Stig:	Óvissustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Yfirlit

- Eldgosinu við Sýlingarfell er lokið
- Land heldur áfram að rísa á stöðugum hraða við Svartsengi
- Áfram er þó rennsli í þeim hrauntungum sem fóru yfir varnargarð norðan Sýlingarfells en búast má við að rennslið stöðvist á næstunni.
- Þar sem að lítil sem engin virkni virðist vera á gosinu hefur Almannavarnadeild og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákveðið að færa almannavarnastig af Hættustigi niður á Óvissustig.
- Lokunarpóstar eru við Seltjörn á Grindavíkurvegi, Við fiskeldi Samherja við Stað á Nesvegi og við P1 á Suðurstrandarvegi.
- Aðkoma að Bláalóninu er um Nesveg og þarf að sýna fram á bókun við lokunarpóst.

Hættumat var uppfært 20. júní kl 15:00 og gildir að öllu óbreyttu til 25. júní kl 15:00.  
Hættumatskorgið má fina aftast í skýrslunni.



Mynd: Almannavarnir

u



---

## Upplýsingar frá Samhæfingastöð

**Uppfært 22. júní kl: 18:00**

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum hafa ákveðið að færa almannavarnastig af hættustigi á óvissustig vegna umbrota á Reykjanesi.

Nú þegar eldgosinu við Sýlingarfell er lokið og ástandið er stöðugra er almannavarnastig fært niður á óvissustig. Fyrr í dag sást á drónamyndum að virkni í gígnum er engin. Áfram er þó rennsli í þeim hrauntungum sem fóru yfir varnargarð norðan Sýlingarfells en búast má við að rennslið stöðvist á næstunni. Mest virkni er í hrauntungunni lengst til vesturs sem hefur færst áfram um nokkra metra og þykknað á síðustu klukkustundum. Gosórói hefur einnig farið minnkandi á síðustu sólarhringum. Vinna við að hemja hraunrennslið hefur nú staðið yfir í nokkra daga, bæði með vinnuvélum og hraunkælinu. Þar sem aðstæður hafa breyst þá hefur hraunkælingunni verið hætt og fara næstu dagar og vikur í að meta hvort og þá mögulega hvernig hún virkaði. Óhætt er að segja að vinnan við hraunkælinguna hefur skilað mikilli reynslu sem nýtist ef til hennar kemur aftur í framtíðinni. Þau sem hafa starfað á svæðinu fá kærkomna hvíld á morgun, sunnudag en strax á mánudagsmorgun hefst vinnan á ný að klára það verk sem hafið var, að verja Svartsengi enn frekar með varnargarðavinnu. Það er fyrst og fremst tilgangurinn með vinnunni sem er fram undan á næstu dögum og vikum. Búið er að gera minni varnargarð fyrir innan þann sem fyrir var og er hraunið komið að honum en þó ekki honum öllum. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra langar að koma á framfæri þakklæti til allra sem komu að þessari vinnu síðustu daga og nætur. Áfram verður svæðið vaktað af Veðurstofunni og mun Lögreglan á Suðurnesjum sinna vaktinni á staðnum.

---

## Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

**Uppfært 21. júní kl. 14:55**

Í myndum sem teknar voru í morgun (21. Júní) í drónaflugi Almannavarna sést að virkni í gígnum fer minnkandi. Hraunrennsli frá gígnum er ekki sjáanlegt á yfirborði en getur verið í lokuðum rásum frá honum. Þó er áfram rennsli í þeim hrauntungum sem fóru yfir varnargarð norðan Sýlingarfells í gær. Mynd úr vefmyndavél Almannavarna á Sýlingarfelli sýnir þær þrjár hrauntungur sem renna yfir garðinn og vélar sem vinna að því að hemja hraunrennslið. Mest virkni er í hrauntungunni lengst til vesturs sem hefur færst áfram um nokkra metra og þykknað á síðustu klukkustundum. Gosórói fer einnig minnkandi og sést það vel á jarðskjálftamæli Veðurstofunnar í Grindavík eins og meðfylgjandi graf sýnir.

Minnkandi virkni í gígnum og lækkun í gosóróa bendir til þess að þessu eldgosi gæti lokið á næstunni en þó er óvissa um nákvæmlega hvenær. GPS mælingar sýna enn landris á Svartsengissvæðinu. Það er vísbending um að þrýstingur í kvikusöfnunarsvæðinu undir Svartsengi haldi áfram að byggjast upp, þótt hraði landrissins sé minni en áður.






*Mynd af gígnum sem tekin var um kl. 9:30 í morgun í drónaflugi Almannavarna yfir gosstöðvarnar.  
Ljósmynd: Almannavarnir*



*Hrauntungurnar sem renna yfir varnargarð norðan Sýlingarfells og vinna við að hemja hraunrennslið.  
Ljósmynd: Almannavarnir*



Órósmælingar á jarðskjálftamæli VÍ í Grindavík frá því að eldgosið hófst þann 29. Maí til 21. Júní. Þær sýna að gosróin hefur minnkað síðustu daga.

Hættumat var uppfært 20. júní og var óbreytt. Það gildir, að öllu óbreyttu, til næsta þriðjudags 25. júní. Hættumatskort má finna aftast í skýrslunni.

## Frá Ferðamálastofu

### Uppfært 21. júní kl 13:00

Fulltrúi Ferðamálastofu hefur fylgst með framvindu og verið í góðu sambandi við Samhæfingastöð Almannavarna. Nokkuð álag hefur verið í á netfanigð [press@itb.is](mailto:press@itb.is) þar sem að erlendir fréttamenn eru að óska eftir aðgengi og upplýsingum í kringum gosið. Töluvert ágengi hefur verið í að fá TETRA stöðvar og gasmæla leigða frá Ferðamálastofu.


Ákveðið hefur verið að fjölmiðlafylgd inn á svæðið verði **miðvikudaga og föstudaga** kl 14:00 frá lokunarpósti á Nesvegi. Fjölmiðlum er heimilt að notast við skráða dróna svo framarlega að þeir fari ekki upp fyrir 60 metra hæð.

Hafist er handa við að kanna möguleika á að opna aðgengi fyrir ferðamenn að svæðinu. Í dag er opið fyrir ferðamenn upp að gossvæðinu við Fagradalsfjall. Sjá upplýsingar um lokunarpósta ofar í skjalinu.

Unnið er að verklagsreglum með Íslandsstofu um samskiptateymi sem tekur til starfa í kjölfar atburða.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099.





[https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi\\_VI\\_20juni\\_2024.png](https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_20juni_2024.png)